



3.5.2024

Minnisblað

Viðtakandi: Teitur Ejörn Einarsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar

Sendandi: Seðlabanki Íslands

Efni: Breytingartillaga frumvarps um rekstraröryggi í greiðslumiðlun auk rökstuðnings

Efni frumvarpsins

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (rekstraröryggi greiðslumiðlunar) er ætlað að skýra og styrkja heimildir Seðlabankans til setningu reglna er varðar lögbundin verkefni bankans á sviði greiðslumiðlunar og rekstraröryggis fjármálainnviða. Seðlabankinn skal skv. 2. mgr. laga 92/2019 stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Þannig er frumvarpinu ætlað að veita Seðlabankanum skýrari heimildir til að setja reglur í takt við hlutverk hans sem auka viðnámsþrótt, öryggi og virkni í greiðslumiðlun hér á landi. Í því felst að bankinn geti kveðið á um ráðstafanir til að tryggja rekstraröryggi í greiðslumiðlun sem og fyrirkomulag innviða innlendrar greiðslumiðlunar, s.s. fyrir innlenda rauntímagreiðslumiðlun á milli bankareikninga. Þá er því jafnframt ætlað að styrkja lagaheimildir Seðlabankans til reglugerðingaráttar til að fyrirbyggja og bregðast við ófyrirséðum aðstæðum í greiðslumiðlun sem kunna að hafa áhrif á viðnámsþrótt, öryggi og virkni greiðslumiðlunar hér á landi. Í því felst meðal annars að Seðlabankinn geti kveðið á um ráðstafanir sem lúta að fjármálakerfinu í heild s.s. hvað varðar; netöryggi innviða í greiðslumiðlun, auknum viðnámsþrótti og virkri greiðslumiðlun við útlönd, s.s. hvað varðar fjarskipti, og dreifingu og móttöku seðla og myntar.

Reglusetningarheimildinni er því ætlað að ná til innviða greiðslumiðlunar hér á landi og við útlönd sem og notkun reiðuljár. Þannig er markmið frumvarpsins að tryggja að Seðlabankinn geti sinnt sínu lögbundna hlutverki sem felst meðal annars í að stuðla að öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd sem eru mikilvæg almannagæði og auka áfallapól greiðslumiðlunar hér á landi.

Umsagnir og viðbrögð

Við meðferð málsins hjá Alþingi hafa komið fram umsagnir frá hagsmunaaðilum sem flestar eru jákvæðar í garð frumvarpsins. Sú gangrýni sem einna helst hefur komið fram lýtur að því að frumvarpið veiti Seðlabankanum heimild til að koma á „ríkislausn“ í rafrænni greiðslumiðlun í samkeppni við einkaaðila og að ákvæði frumvarpsins um heimildir bankans til reglusetningar sé óskýrt og of víðtækt.

Frumvarpið snýst hins vegar ekki um að koma á fót greiðslulausn á samkeppnismarkaði, sem mikið er minnst á í umsögnum, heldur að Seðlabankinn hafi skýrar reglusetningarheimildir til að geta brugðist við til að tryggja rekstraröryggi fjármálainnviða í landinu með

heildstæðum hætti. Þessi reglusetningarheimild gæti falið í sér að Seðlabankinn kæmi á fót og setti reglur um miðlægan grunninnvið, sambærilegum þeim sem hann á og rekur í millibankagreiðslukerfi landsins, til þess að greiða fyrir nýjum innlendum greiðslulausnum sem byggjast á millifærslum milli bankareikninga. Verði það niðurstaðan er ljóst að slíkur innviður og þær reglur sem um hann gilda þurfa að uppfylla skilyrði samkeppnislaga og EES-samningsins auk annarra laga sem gilda á Íslandi.

Ljóst má vera af frumvarpinu að það er ekki markmið þess að veita Seðlabankanum heimild til að fara í samkeppnisrekstur í rafrænni smágreiðslumiðlun. Í umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarpið er einnig lögð áhersla á að ekki standi til að fara í samkeppni við markaðsaðila í smágreiðslumiðlun heldur sé markmiðið að skapa skilyrði hér á landi með því að nýta núverandi innviði, til að auka samkeppni og efla viðnámsþrótt í greiðslumiðlun, öllum til hagsbóta. Þannig gæti frumvarpið og þær reglur sem settar verða á grundvelli þess enn betur tryggt þau markmið sem þegar koma fram í PSD2 tilskipuninni sem innleidd var með lögum um greiðsluþjónustu, eins og bent er á í umsögn Samkeppniseftirlitsins.

Til þess að bregðast við gagnrýni á að reglusetningarheimildin sé ekki nægjanlega skýr er lagt til að gerðar verði breytingar á 2. gr. frumvarpsins þannig að fram komi að heimild Seðlabankans til að setja reglur um rekstraröryggi greiðslumiðlunar varðar *innviði* greiðslumiðlunar hér á landi, þ.e. innviði rafrænnar smágreiðslumiðlunar (þ.e. hvers konar rafræn greiðslumiðlun sem er ekki framkvæmd í millibankagreiðslukerfum seðlabanka), innviði greiðslumiðlunar við útlönd og seðla og mynt. Þannig ætti ekki að leika vafi á því að Seðlabanka Íslands er ekki ætlað á grundvelli frumvarpsins að koma á fót greiðslumiðlun í samkeppni við markaðsaðila heldur þvert á móti að reglur sem Seðlabankinn gæti sett skulu beinast að innviðum sem nýttir eru af markaðsaðilum fyrir hvers konar greiðslumiðlun hér á landi. Efnisatriði reglnanna eru einnig afmörkuð þannig að þau verða að fela í sér *nauðsynlegar* ráðstafanir vegna rekstraröryggis greiðslumiðlunar. Auk þess að koma á fót og setja reglur um grunninnvið sem aðilar á markaði geta nýtt í smágreiðslumiðlun til að efla viðnámsþrótt í greiðslumiðlun gæti regluheimildin nýst til þess að tryggja rekstraröryggi annarra innviða í greiðslumiðlun hér á landi og þá sem tengja landið við útlönd. Þannig gæti til að mynda verið nauðsynlegt að gera kröfur um lokaðar tengingar netkerfa, hýsingu mikilvægra innviða í greiðslumiðlun, varnir gegn netógnum eða virkar varatengingar um gervinhnött. Þá mætti jafnframt nýta heimildina til þess að gera kröfur sem lúta að innviðum reiðufjár, þ.e. aðgengi og notkunarmöguleikum seðla og myntar til þess að stuðla að viðnámsþrótti greiðslumiðlunar svo að dæmi séu tekin.

Einnig er lagt til að um heimildir til gjaldtöku byggist á þeim heimildum sem nú þegar eru fyrir hendi skv. 43. gr. laga um Seðlabanka Íslands en þær ná einnig til gjaldtöku vegna greiðslumiðlunar. Samhliða er lagt til að heimild til að setja mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda falli niður til þess að koma til móts við athugasemdir varðandi inngríp Seðlabankans á samkeppnismarkaði.

Í samræmi við framangreint er lagt til að 2. gr. frumvarpsins verði breytt þannig:

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Rekstraröryggi greiðslumiðlunar.

Seðlabankanum er heimilt í þágu aukins viðnámspróttar, öryggis og virkni greiðslumiðlunar og að fengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar að setja reglur um rekstraröryggi greiðslumiðlunar. Reglurnar geta tekið til innviða rafrænnar smágreiðslumiðlunar, innviða greiðslumiðlunar við útlönd og seðla og myntar. Í reglunum er heimilt að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir eins og fyrirkomulag innviða, netöryggi, tilhögun greiðslufyrirmæla, sannvottun, ábyrgð og uppgjör greiðslna, aðgang að slíkum innviðum og skyldu lánastofnana hér á landi til þátttöku.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS